

Fundargerð

Ár 2015. Miðvikudaginn 30. september kom stjórn SSNV saman til fundar á Hvammstanga og hófst fundurinn kl. 15:00.

Mætt til fundar: Adolf H. Berndsen, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Valgarður Hilmarsson, Sigríður Svavarsdóttir, Stefán Vagn Stefánsson, Sólveig Olga Sigurðardóttir og Ingibergur Guðmundsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir stjórnar SSNV, 8. og 15. sept. 2015
2. Ársþing SSNV 16. okt.
3. Bréf starfshóps um endurskoðun á lögum og samþykktum SSNV
4. Almenningsamgöngur
5. Sóknaráætlun Norðurlands vestra
6. Staða framkvæmdastjóra SSNV
7. Beiðni um umsagnir um mál frá Alþingi
8. Aðsendar fundargerðir
9. Önnur mál

Afgreiðsla mála:

1. *Fundargerðir stjórnar SSNV frá 8. og 15. sept. staðfestar.*
2. *Farið yfir undirbúning og framkvæmd ársþings SSNV 16. okt. nk.*
3. Fyrir fundinum lá bréf frá starfshópi sem skipaður var á síðasta ársþingi til að endurskoða lög og þingsköp samtakanna. Með bréfinu fylgja tillögur starfshópsins til breytinga á lögum og þingsköpum SSNV.
Samþykkt að leggja breytingatillögur starfshópsins fyrir ársþingið og senda tillögurnar með öðrum þingögnum 2. okt. nk.
4. Fyrir fundinum lá minnisblað frá Guðjóni Bragasyni, lögfræðingi Sambands ísl. sveitarfélaga, og Péttri Þór Jónassyni, framkvæmdastjóra Eypings, dags. 15. apríl 2015, um framkvæmd breytinga á gjaldskrá fyrir landsbyggðarstrætó.
Einnig fylgdu með drög að samkomulagi landshlutasamtakanna um „fyrirkomulag við samþykkt og breytingar á samræmdri gjaldskrá um almenningsamgöngur sem landshlutasamtök annast á grundvelli samninga við Vegagerðina“.
Málinu frestað til næsta fundar stjórnarinnar.
5. Fyrir fundinum lágu drög að áhersluverkefni Sóknaráætlunar Norðurlands vestra fyrir árið 2015. Markmið verkefnisins er að „auðvelda frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum á Norðurlandi vestra að markaðssetja vörur og þjónustu“. Verður það m.a. gert með námskeiðum og beinum styrkjum.
Samþykkt að senda þessi drög til staðfestingar hjá Stýrihópi Stjórnarráðsins um bygðamál.

6. Umsóknarfrestur um stöðu framkvæmdastjóra SSNV rann út 21. sept. sl. Alls bárust 17 umsóknir en einn umsækjandi dró umsókn sína til baka. Umsækjendur eru:

Anna Rósa Böðvarsdóttir	Björn Líndal Traustason
Drífa Sigfúsdóttir	Einar Örn Stefánsson
Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir	Guðbjörg Eggertsdóttir
Gunnólfur Lárusson	Hallur Magnússon
Heimir Gunnarsson	Hrafnhildur Guðjónsdóttir
Jónas Egilsson	Kristinn Pétursson
Magnús Bjarni Baldursson	Ómar Örn Hannesson
Sigurður Hólmar Kristjánsson	Vigdís Ósk Ómarsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson vék af fundi undir þessum lið.

7. a) Frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, 133. mál.
b) Þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015-2026, 101. mál.
c) Frumvarp til laga um náttúruvernd, 140. mál.
d) Tillaga til þingsályktunar um styrkingu leikskóla og fæðingarorlofs, 16. mál.
Samþykkt að fresta afgreiðslu þessa liðs til næsta fundar stjórnarinnar.
8. a) Fundargerðir stjórnar Fjórðungssambands Vestfjarða, 3. júlí, 20. ágúst, 10. sept. og 17. sept. 2015.
b) Fundargerðir stjórnar Eypings 26. ágúst og 14. sept. 2015.
c) Fundargerðir Sambands sunnlenskra sveitarfélaga 4. sept. sl.
d) Fundargerð Sambands ísl. sveitarfélaga 11. sept. sl.
Ofangreindar fundargerðir voru til kynningar.
9. Önnur mál
a) *Formanni SSNV, Adolf H. Berndsen, veitt heimild til að ganga frá lokauppgjöri við Rætur, byggðasamlag um málefni fatlaðra, vegna yfirfærslu málaflokksins frá SSNV til Róta í janúar 2014.*

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:30.

Adolf H. Berndsen (sign.)
Unnur V. Hilmarsdóttir (sign.)
Valgarður Hilmarsson (sign.)
Sigríður Svavarsdóttir (sign.)
Stefán Vagn Stefánsson (sign.)

Sólveig Olga Sigurðardóttir (sign.)
Ingibergur Guðmundsson (sign.)